



Norðurþing  
Ketilsbraut 9  
640 Húsavík

Reykjavík, 16. nóvember 2020  
UST202007-078/H.R.A.  
08.14.02

### **Efni: Samþykkt úrbótaáætlun**

Umhverfisstofnun vísar í bréf sitt frá 14. september sl. þar sem stofnunin óskaði eftir tímasetri áætlun um úrbætur vegna frávika er fram komu í eftirliti stofnunarinnar á urðunarstað Norðurþings við Kópasker þann 2. júní sl. Þann 5. nóvember sl. barst úrbótaáætlun rekstraraðila.

#### **Frávikan eru eftirfarandi:**

- Gr. 1.2 í starfsleyfi.** Á urðunarstaðnum er heimilt að urða allt að 500 tonn af úrgangi á ári. Árið 2019 voru urðuð 519 tonn af úrgangi sem er umfram heimild starfsleyfisins. **Samkvæmt úrbótaáætlun rekstraraðila hefur verið unnið að því að draga úr magni sem ferð til urðunar. Árið 2019 hafi komið upp sýking í seiðaeldi hjá Rifós sem orsakaði förgun seiða uppá 52,1 tonn. Litið er á þetta magn sem óeðlilegt og ætti ekki að koma upp aftur því er litið svo á að urðun verði innan leyfis 2020 án frekari ráðstafana.**
- Gr. 5.1 í starfsleyfi.** Samkvæmt tl. 11 í gr. 5.1 í starfsleyfi skal rekstraraðili skrá upplýsingar um daglega uppgufun. Skráningar vegna þessa lágu ekki fyrir við eftirlit. **Rekstraraðili skilaði inn skráningum vegna þess þann 5. nóvember sl. og telst frávikanu því lokið.**

**Umhverfisstofnun fellst á úrbótaáætlun rekstraraðila en úrbætur vegna frávikanna verða teknar út í næsta eftirliti.**

Verði frávikum ekki lokið eða ef áætlun um úrbætur gengur ekki eftir mun Umhverfisstofnun halda áfram með eftirfylgni þaðan sem frá var horfið.

Gjald fyrir vinnu sérfræðings við eftirfylgnina verður innheimt samkvæmt gjaldskrá Umhverfisstofnunar nr. 535/2015, með síðari breytingum. Gjaldið er **21.780 kr.**

Umhverfisstofnun bendir á að bréf þetta verður birt á heimasíðu stofnunarinnar.

Virðingarfyllst

Skúli Þórðarson  
sviðsstjóri

Helga Rut Arnarsdóttir  
lögfræðingur

**Afrit:** Heilbrigðisnefnd Norðurlands eystra